



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2018

Efni: Umsögn um drög að aðgerðaáætlun í plastmálefnum

Landvernd fagnar því að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi skipað samráðsvettvang um aðgerðaáætlun í plastmálefnum og að tillögur þeirra séu nú komnar í samráð við almenning. Umsögn þessi snýr aðallega að tillögum er snúa að banni á burðarplastpokum (tillaga 1), banni við ýmsum einnota plastvörum (tillaga 2), vitundavakningu um ofnotkun einnota plastvara (tillaga 4) og samræmdri flokkun úrgangs (tillaga 9). Með þessari umsögn er brugðist við þeirri gagnrýni að burðarplastpokar séu umhverfisvænastir allra burðarpoka og því ætti ekki að banna þá.

Landvernd styður heilshugar við bann á burðarplastpokum og öðrum einnota plastvörum. Rökin fyrir því eru skýr. Bannið á burðarplastpokum kemur til skila mikilvægum skilaboðum um skaðsemi þeirra og annars einnota plasts. Slík vitundarvakning, hefði mun víðtækari áhrif heldur en eingöngu á notkun pokanna og væri þannig mikilvægt skref í átt að því breyta neysluvenjum Íslendinga, en ofneysla mannsins er rótin að stærstu umhverfisvandamálum heims, þar á meðal plastmengun og loftslagsbreytingar.

Við Íslendingar erum neyslufrekasta þjóð í heimi og það er titill sem ekki er hægt að vera stoltur af. Í stað þess að auka á vandamál heimsins, þá geta Íslendingar tekið þetta hugrakka skref og verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Einungis hluti af burðarplastpokum endar í plastendurvinnslu. Urðun á þeim skapar framtíðarvandamál og plastpokar valda miklum skaða þegar þeir lenda út í náttúrunni. Þótt burðarplastpokar séu ekki stærsti hluti plastmengunar í heiminum þá skipta þeir samt máli í víðara samhengi. Það að banna notkun þeirra sendir skýr skilaboð, nær til flestra heimila í landinu og rímar við fyrirhugað bann í Evrópu á öðrum einnota plastvörum.

Villandi erlendar lífsferilsgreiningar á burðarpokum

Rétt er að hafa í huga að erlendar lífsferilsgreiningar sem gerðar hafa verið á burðarplastpokum og fjölnota pokum eru ekki hafnar yfir gagnrýni og nauðsynlegt er að skoða hlutina í sem víðustu samhengi. Í nýlegri danskri lífsferilsgreiningu¹, sem töluvert hefur verið vitnað til, eru plastpokar sagðir koma best út, en þar er gert ráð fyrir því að þeir lendi í endurvinnslufarvegi. Aðstæður erlendis eru hins vegar oft afar ólíkar þeim íslensku. Urðun er til dæmis ekki ásættanlegur endurvinnslufarvegur í neinu samhengi, en þar lendir stór hluti íslenskra burðarplastpoka, sem „pokarnir undir ruslið“. Í dönsku lífsferilsgreiningunni vantar einnig algjörlega greiningu á

¹ Sjá t.d. Life Cycle Assessment of grocery carrier bags, sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Danmerkur <https://www2.mst.dk/Udgiv/publications/2018/02/978-87-93614-73-4.pdf>



LANDVERND

umhverfisáhrifum á þeim pokum sem lenda út í náttúrunni, þar á meðal í sjó þar sem þeir valda mestum skaða.

Fjölnota pokar eru misumhverfisvænir og afar fróðlegt að bera vistspor þeirra saman. Bómullarpokar eru skiljanlega með hátt vistspor og þannig poka (sem og textíl úr bómull almennt) þarf að nota oft til að þeir borgi sig umhverfislega séð. Allt öðru máli gegnir um poka sem unnir eru úr endurnýttu efni, hvort sem það er bómull, plast, lífplast eða annað, en þannig pokar voru ekki settir í samanburð í fyrrnefndum lífsferilsgreiningum. Það er til að mynda munur á endurunnu plasti og endurnýttu (sem ekki hefur verið brætt niður). Það er því ljóst að það er auðvelt að misskilja og oftúlka niðurstöður þessarar rannsóknar sem nær engan vegin utan um allan lífsferil burðarplastpokans og skaðsemi hans í náttúrunni. Tiltölulega stutt er síðan danska rannsóknin var birt en gagnrýni hefur nú þegar verið birt á aðferðafræðina, m.a. af ítölskum samtökum framleiðenda á lífplasti².

Tækifæri Íslands til að breyta eigin neysluhegðun

Ofneyslu Íslendinga þarf að takast á við og mjög mörg umhverfisvandamál ættu að leysast tiltölulega auðveldlega með minni neyslu. Fræðslu- eða hræðsluherferðir einar og sér nægja ekki til að hafa áhrif á neyslu heldur þarf stundum einnig að notast við bönn, eins og t.d. reykingabann hefur sýnt fram á með góðum árangri.

Með stórbættri og samræmdri endurvinnslu á öllu landinu þar sem lífrænum úrgangi yrði safnað sér, þá ætti næstum ekkert að falla til á heimilum sem færi í almenna ruslið. Og það er einmitt þetta almenna rusl sem virðist vera það sem kallar mest á notkun á burðarplastpokum. Kynslóð eftir kynslóð hefur orðið háð því að nota plastpoka í ruslið og kominn tími til breytinga. Hér geta stjórnvöld svo auðveldlega gripið inn, með vitundarvakningu um einnota plast, banni á burðarplastpokum og nýjum endurvinnslulausnum í sátt við fólk og náttúru.

Virðingarfyllt,
f.h. Landverndar

Rannveig Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Auður Önnu- Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri

² Assobioplastiche: Misleading Conclusions of the 'Life Cycle Assessment of Grocery Bags' Produced by the Danish Environmental Agency. <https://www.prnewswire.com/news-releases/assobioplastiche-misleading-conclusions-of-the-life-cycle-assessment-of-grocery-bags-produced-by-the-danish-environmental-agency-677896653.html>